




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

Vatnsendahlíð- Þing.

Breyting skv. 3. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. XX, dags.
ONE / 24053646

Greinargerð:
Vísað er í gildandi deiliskipulag Vatnsendahlíðar- Þing. Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 13. janúar 2009. Deiliskipulagssvæði Vatnsendahlíðar er sunnan og vestan Elliðavatns. Skipulagssvæðið er hluti af heildarskipulagi alls Vatnsendasvæðis. Skipulagssvæðið afmarkast af Guláþingi og Boðáþingi til norðurs, markalínu grannsvæðis vatnsverndar til austurs og suðurs, bæjarmörkum Garðabæjar og hesthúsahverfi á Kjóavöllum til vesturs. Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af mörkum skipulagssvæðisins til vesturs, nánar tiltekið lóð/byggingareits fyrir vatnstank að Landsenda 31 ásamt nærumhverfi.

Rök fyrri breytingunni:
Mörk skipulagssvæðis Vatnsendahlíðar-Þing og Kjóavalla skarast og mikilvægt er að leiðrétta og aðlaga skipulagsmörk þessa tveggja skipulaga hvort að öðru. Tillaga þessi er í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar dags. 11. apríl 2024 vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi Kjóavalla um núverandi byggingareit vatnstanks að Landsenda 31. Bent er á að vatnstankurinn virðist vera innan þessara tveggja deiliskipulaga. Núverandi vatnstankur og fyrirhugaður nýr miðlunargeymir verður áfram aðeins innan marka deiliskipulags Kjóavalla.


Tillaga að breytingu:
Breytingin felst í því að aðlaga mörk skipulagssvæðisins til vesturs að mörkum aðliggjandi deiliskipulagssvæðis Kjóavalla.

Kópavogi, dags.


Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

TILLAGA BREYTT DEILISKIPULAG

- Skýringar**
- Byggingarreitur
 - Mörk skipulagssvæðis
 - Lóðamörk
 - Mörk breytinga
 - Flatarmál lóða
 - Fjöldi hæða og kjallari
 - Manir, hæð um 2,5 metrar
 - Göngustígur
 - Reiðleið
 - Þekktar sprungur
 - Opíð óbyggt svæði
 - Trjáræktarsvæði



Deiliskipulag: Hluti úr gildandi deiliskipulagi Vatnsendahlíðar- Þing. í mkv. 1:2500
Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 13. janúar 2009.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi: Hluti úr deiliskipulagi Vatnsendahlíð- Þing. í mkv. 1:2500